

**Jöfnunarsjóður alþjónustu**  
**10 513**

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Jöfnunarsjóður alþjónustu  
Fjárlagaliðurinn er í umsjón  
Fjarskiptastofu  
kt. 570397-2499  
Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Jöfnunarsjóður alþjónustu er ríkisaðili í A-hluta sem er í umsjón Fjarskiptastofu. Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar skyldur til að veita alþjónustu geta sótt um endurgreiðslur úr Jöfnunarsjóði. Til að standa straum af endurgjaldi til þeirra er innheimt jöfnunargjald af fjarskiptafyrirtækjum sem starfrækja fjarskiptanet eða -þjónustu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 49,8 milljónir og afkoma kr. 48,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 48,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 48,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Jöfnunarsjóðs alþjónustu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Jöfnunarsjóðs alþjónustu fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Hrafnkell V. Gíslason,  
Forstjóri

Hrefna Ingólfssdóttir,  
Sviðsstjóri rekstrar

(undirritað rafrænt)

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	<u>49.800.000</u>	<u>50.800.000</u>
<b>Tekjur samtals</b>		49.800.000	50.800.000
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....	3	<u>1.374.000</u>	<u>59.800.000</u>
<b>Gjöld samtals</b>		1.374.000	59.800.000
<b>Afkoma ársins</b>		<u>48.426.000</u>	<u>(9.000.000)</u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	0	(9.000.000)
Rekstrartilfærslur .....		<u>48.426.000</u>	<u>0</u>
		<u>48.426.000</u>	<u>(9.000.000)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	4	<u>48.426.000</u>	<u>9.000.000</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>48.426.000</u>	<u>9.000.000</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>48.426.000</u>	<u>9.000.000</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	5		
Hrein eign .....		<u>48.426.000</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>48.426.000</u>	<u>0</u>
<b>Skuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		<u>0</u>	<u>9.000.000</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>0</u>	<u>9.000.000</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>48.426.000</u>	<u>9.000.000</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		48.426.000	(9.000.000)
		<u>48.426.000</u>	<u>(9.000.000)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar .....		(39.426.000)	0
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(9.000.000)	9.000.000
		<u>(48.426.000)</u>	<u>9.000.000</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	49.800.000	50.800.000
	<u>49.800.000</u>	<u>50.800.000</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	0	49.800.000	0	49.800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>0</b>	<b>49.800.000</b>	<b>0</b>	<b>49.800.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	0	(1.374.000)	0	(1.374.000)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>0</b>	<b>48.426.000</b>	<b>0</b>	<b>48.426.000</b>

	2021	2020
<b>3 Framlög og tilfærslur</b>		
Rekstrartilfærslur aðrir .....	1.374.000	59.800.000
	<u>1.374.000</u>	<u>59.800.000</u>

### 4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	48.421.065	9.000.000
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	4.935	0
	<u>48.426.000</u>	<u>9.000.000</u>

### 5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	0	9.000.000
Afkoma ársins .....	48.426.000	(9.000.000)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>48.426.000</u>	<u>0</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.



## Skýringar

### 6 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Engir skuldbindandi samningar hjá fjárlagalið.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2021.

#### *Veittar ábyrgðir*

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir fjárlagaliðarins felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.